REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Úr tollnúmeri:					
0701.9000	Kartöflur, bökunar 65 mm og stærri	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	30
Tollnúmer:					
0701.9000	Kartöflur, aðrar	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál	26.09.03-30.06.04	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál	26.09.03-30.06.04	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	0
0709.5100	Sveppir	01.10.03-30.06.04	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2003.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.